



## Matsskýrsla með grænfána umsókn.



Njarðvíkurskóli Reykjanesbæ.

## **Efnisyfirlit.**

**Bls.**

Umhverfismarkmið sem skólinn setti sér 2007.....	3
Mat á stöðu umhverfismála í Njarðvíkurskóla frá 2007.....	4
Verkefni og viðurkenningar.....	5
Umhverfismennt í verki við Njarðvíkurskóla.....	5
Niðurstöður skólans frá umhverfisgátlista.....	7
Skólaárið 2007 – 2008.....	8
Skólaárið 2008 – 2009.....	9
Umhverfismarkmið sem skólinn setur sér.....	11
Umhverfissáttmáli Njarðvíkurskóla.....	14
Lokaorð.....	15
Fylgiskjöl.....	16 – 21

Reykjanesbær 2009.

Nú er komið að því að Njarðvíkurskóli sæki um Grænfánann í annað sinn. Margt hefur áunnist þessi tvö ár sem við höfum flaggað fánanum og verið okkur hvatning til að gera enn betur. Við höfum unnið samviskusamlega að þeim umhverfismarkmiðum sem við settum okkur í upphafi og margt hefur náðst en að sumu erum við enn að vinna að. Njarðvíkurskóli og umhverfisstefna hans/Grænfánaverkefnið var tilnefnt til hvatningaverðlauna Reykjanesbæjar árið 2008 og einnig vann skólinn Umhverfisverðlaun Reykjanesbæjar það sama ár. Hafa þessi verðlaun svo sannarlega styrkt okkur til dáða í áframhaldandi vinnu að umhverfismálum. Hér í þessari matsskýrslu förum við nánar yfir það sem gert hefur verið í Njarðvíkurskóla bæði í umhverfismálum og umhverfismennt síðastliðin tvö ár. Þá kemur einnig fram í þessari skýrslu hvaða markmið við setjum okkur í umhverfismálum til næstu tveggja ára.



## Umhverfismarkmið sem skólinn setti sér til næstu tveggja ára frá haustinu 2007 voru:

- Að halda áfram því starfi sem verið hefur varðandi flokkun og endurnýtingu, svo sem að spara pappír og flokka allan afgangspappír í gæða- og blandaðan pappír
- Að nýta grenndarsvæði (Fitjarnar) markvisst til útivistar og útikennslu
- Að endurnýta alla kertaafganga og búa til úr þeim ný kerti.
- Að halda áfram því starfi sem verið hefur að nemendur taki þátt í umsjón með umhverfi skólans og haldi því hreinu innan og utan dýra.
- Að halda samkeppni meðal nemenda um að hanna umhverfismerki skólans.
- Að nota ydd af blýöntum og pappírshringi úr göturum í hin ýmsu sköpunarverkefni
- Að auka útikennslu og útiveru nemenda með því að taka skrúðgarðinn sem er framan við skólann í fóstur og sjá alfarið um hann. Eins og gróðursetja sumarblóm, klippa tré, hreinsa arfa og þrifa rusl.
- Að slökkt sé á ljósum, á tölvum og tækjum yfir nótt og í fríum.
- Að vinna með bæjaryfirvöldum og öðrum bæjarbúum að umhverfismálum eins og með því að taka þátt samkeppni meðal nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar um myndverk og/eða slagorð til að efla umhverfisvitund bæjarbúa.
- Að sett verði upp jarðgerðarkassi þar sem garðaúrgangi og lífrænan eldhúsúrgangi er breytt í gróðurmold/moltu. Þetta eykur skilning nemenda á hringrásarferlinu og að hægt er að endurvinna lífrænan úrgang alveg eins og annað.
- Að nemendur gefi út tvisvar á ári umhverfisblað

## Mat á stöðu umhverfismála í Njarðvíkurskóla frá 2007.

### Var markmiðum náð á þessum tveimur árum?

Við höfum náð ágætum árangri með að flokka pappír og endurnýta hann. Við keyptum pappírs endurvinnslu kassa í flestar stofur í skólanum. Þessir kassar eru tvískiptir, í neðri kassanum er litaður pappír til endurvinnslu í kennslustofu og í efri kassanum er hvítur pappír til endurvinnslu, bæði í stofu og í pappírstunnu sem er á fyrstu hæð skólans.

Harpa Magnúsdóttir kennari í hönnun og smíði gerði stórátak í endurvinnslu á þessum tveimur árum með kennsluáætlun sem hún tengir endurvinnslu efna. Þar eru flokkunartunnur þar sem flokkaður er: rekaviður, plast, málmar, pappír, afgangsviður og svo rafmagnstæki. Úr þessum efnum eru svo gerðir margir hlutir sem fá endurnýjun lífdaga sinna svo sem skartgripir, veski, lyklakippur og fleiri hlutir (sjá fylgi skjal 1. )

Ein af valgreinum skólans er pappírs og kertagerð. Þar hafa nemendur í 8. – 10. bekk skólans komið í tvær kennslustundir á viku og búið til kerti úr kertaafgöngum og pappír úr afgangspappír sem til fellur í skólanum.

Í grenndarkennslu hefur yngra stigið farið markvisst í gönguferðir með þar til gerða bók (sjá fylgiskjal 2.) og skrifað niður og teiknað hvað sé gott í okkar nánasta umhverfi og hvað sé slæmt, út frá umhverfissjónarmiði. Það er árviss viðburður að nemendur á miðstigi í samráði með skipulagssvið Reykjanesbæjar fari og hreinsi stórt svæði hjá Fitjunum þ.e.a.s. meðfram Njarðarbraut frá Grænásvegi að Fitjum. Þarna sjá nemendur hversu miklu rusli er hent á víðavangi og vekur þau til umhugsunar að ganga vel um sitt nánasta umhverfi. Fitjarnar og tjarnirnar þar hafa verið notaðar töluvert á haustin og á vorin til útikennslu. Þar hafa nemendur af elsta stigi sett upp pöddugildir og síðan skoðað og rannsakað afraksturinn í nýrri tölvutengdri víðsjár (digital blue microscope) . Nemendur og kennarar þeirra hafa verið virkir í því að hreinsa skólalóðina eins og áður fyrr. Við höfum þann háttinn á að hver bekkur á sína viku og er þar af leiðandi ábyrgur með að skólalóðin sé ávallt þrifaleg. Þetta gerir það að verkum að nemendur bera meiri virðingu fyrir sínu nánasta umhverfi. Svo var það haustið 2008 að skólalóðin okkar var tekin í gegn og stækkuð inn í skrudgarðinn þannig að okkar

grenndarsamfélag hefur stækkað og svæðið sem við hreinsum og hugsum um hefur stækkað að sama skapi.

Njarðvíkurskóli gaf aðeins út eitt umhverfisfréttablað (sjá fylgiskjal sem er í Publicer formi og kemur aukalega) og var það sent út í rafrænuformi í gegnum tölvupóstkerfi skólans. Umhverfisráðið sá alfarið um að vinna allar fréttirnar og gera blaðið klárt til sendingar á alla nemendur skólans. Vinnan við blaðið var skemmtileg og erum við í umhverfisteyminu viss um að við gefum út fleiri blöð á næsta skólaári.

Það hefur náðst góður árangri við að spara rafmagn. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn eru meira meðvituð um að slökkva á tölvum, tölvuskjáum og ljósum í skólanum. Það voru útbúnir miðar sem settir voru í allar stofur sem minna alla á að spara rafmagnið. Veggspjald með umhverfissáttmála Njarðvíkurskóla hangir uppi í hverri stofu. Við höfum hvatt heimili barna í Njarðvíkurskóla til að fá sér umhverfistunnur við heimili sín með því að senda heim bækling um þessi mál.

## Verkefni og viðurkenningar

Umhverfis- og skipulagssviðs bæjarins veitti Umhverfisverðlaun Reykjanesbæjar þann 5. September 2008, en þau hljóta fyrirtæki, einstaklingar eða félagasamtök sem huga sérstaklega vel að umhverfi sínu. Njarðvíkurskóli var eitt af 5 verðlaunahöfum þetta árið þar sem 5. 6. og 7. bekkur í Njarðvíkurskóla ásamt kennurum tóku þátt í umhverfisverkefni á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs það vor en í verkefninu fólst að hreinsa nánasta umhverfi skólans. Krakkarnir í Njarðvíkurskóla hreinsuðu Grænáshlíðina og Fitjarnar og söfnuðu miklu magni af rusli. Nemendurnir stóðu sig með mikilli þryði og voru jákvæð fyrirmynd.

Hvatningarverðlaunin voru veitt í fyrsta sinn þann 13. júní 2008 í Reykjanesbæ. Markmið þeirra er að vekja athygli á gróskumiklu starfi skólanna og stuðla að nýbreytni og þróunarstarfi. Verðlaunin eru viðurkenning fyrir vel unnin störf í þágu nemenda og foreldra og staðfesting á því að skólinn sé fyrirmynd annara skóla á því sviði sem um ræðir. Alls bárust 24 tilnefningar og var Umhverfisteymi/Grænfáni Njarðvíkurskóla eitt

af þeim verkefnum sem tilnefnd voru. Við fengum ekki verðlaun að þessu sinni en það er mikill heiður að hafa verið tilnefnd til þessara verðlauna.

## Skólaárið 2007-2008

Umhverfisráð Njarðvíkurskóla veturinn 2007-2008:

Fulltrúi skólastjórnenda Ásgerður Þorgeirsdóttir.

Fulltrúi kennara Margrét Stefánsdóttir.

Fulltrúi kennara Margrét S Þórólfsdóttir.

Fulltrúi starfsmanna Svanhvít Guðmundsdóttir.

Fulltrúi foreldra Agnes Lára Magnúsdóttir.

Fulltrúar 10. bekkjar Svavar Skúli Jónsson, Dagmar Traustadóttir og Soffía Ósk Kristinssóttir.

Fulltrúar 9. bekkjar Óskar Örn Óskarsson og Helgi Már Vilbergsson.

Fulltrúar 8. bekkjar Guðný Inga Kristófersdóttir og Sigurður Dagur Sturluson.

Fulltrúar 7. bekkjar Eygló Alexandersdóttir og Ingibjörg Ýr Smáradóttir.

Fulltrúar 6. bekkjar Hilmir Karl Hjörvarsson og Guðbjörg Ósk Einarsdóttir.

Fulltrúar 5. bekkjar Salka Björt Kristjánsdóttir og Ragnar Helgi Ragnarsson.

Umhverfisráð skólans hittist 10 sinnum á skólaárinu. Nemendur í þessu ráði unnu að hugmyndavinnu í sambandi við umhverfisgát í skólanum og bjuggu til slagorð og áminningar sem þau settu upp í hverri skólastofu ásamt matsalnum. Þeir undirbjuggu skoðanakönnun sem send var heim með nemendum. Þeir unnu síðan úr könnuninni en endanleg úrvinnsla bíður til næsta hausts.

Nemendur komu einnig saman til þess að skrifa undir umhverfissáttmála skólans sem hangir uppi í hverri skólastofu og er áberandi öllum þeim sem inn í skólann koma.

Þeir nemendur sem voru í umhverfisráðinu í vetur verða þar áfram næsta vetur nema nemendur 10. bekkjar falla út og nýir nemendur úr 5. bekk koma inn í staðinn.

Kennarar og starfsfólk vann í vetur samkvæmt umhverfissáttmála Njarðvíkurskóla og var það með svipuðu sniði og verið hefur síðustu ár m.a. með grenndarkennslu, þrif á skólalóð, endurvinnslu pappírs og endurnýtingu annarra hluta.

Á þemadögum í skólalok var áhersla lögð á grenndarkennslu og endurvinnslu. Þetta voru vel heppnaðir dagar þar sem nemendur unnu margvísleg verkefni og m.a. bjuggu til kerti úr kertaafgöngum sem safnað hafði verið allt skólaárið.

Þessar stöðvar voru í boði á þemadögum og svona voru þær settar upp fyrir nemendur og starfsfólk:

### **1. Bryggjuveiði**

Farið verður niður á bryggju að veiða. Nemendur komi sjálfir með veiðistangir. Munið að yfirfara veiðigræjurnar áður en lagt er af stað.

### **2. Eggjaleit**

Nemendur afli sér upplýsinga um þá fugla sem verpa í okkar næsta nágrenni með því að heimsækja varpstöðvar þeirra og taka af þeim myndir.

### **3. Fjörufurð**

Nemendur fara í fjörufurð – læra, skoða og upplifa.

### **4. Gönguferð með leiðsögn**

Nemendur fara í skipulagðar gönguferðir undir leiðsögn kennara og skoða valda staði í Reykjanesbæ. Nemendur klæði sig eftir veðri.

### **5. Kertagerð.**

Í kertasmiðju eru endurnýtt gömul kerti og gerð úr þeim ný.

### **6. Steinagerð**

Nemendur sækja steina í fjöruna og útbúa listaverk.

### **7. Stuttmyndagerð**

Nemendur taka upp stuttmynd um þemadagana og vinna myndina í tölvuverinu.

## **8. Sundferð 1.-4. bekkur**

Nemendur fara í sund í sundmiðstöð Reykjanesbæjar við Sunnubraut

## **9. Sundlaugarpartý 5.-9. bekkur**

Nemendur fara í sundlaugarpartý í sundmiðstöð Njarðvíkur

## **10. Leikum og litum 1.-4. bekkur**

Nemendur búa til útimálverk með litakrítum og fara í útileiki s.s. stultur, snú-snú, teygjutvist o.fl.

## **11. List og nýsköpun.**

Nemendur útbúa hin ýmsu listaverk úr efnivið fjörunnar

## **12. Hollustuveisla**

Nemendur útbúa gómsæta heilsurétti og halda matarboð með tilheyrandi undirbúningi.

## **13. Listaverk á striga**

Nemendur mála mynd á striga sem verður hluti af stærra listaverki

## **14. Dansþema**

Nemendur læra ýmsa dansa sem tengjast allir á einn eða annan hátt.

## **15. Ba-bú-ba-bú**

Nemendur fara í heimsókn á lögreglustöðina og slökkvistöðina og fá fræðslu um starfsemina sem þar fer fram.

Valinn var Náttúrufræðingur skólans á yngra og eldra stigi.

## Skólaárið 2008-2009

Umhverfisráð Njarðvíkurskóla skólaárið 2008 -2009.

Fulltrúi skólastjórnenda: Ásgerður Þorgeirsdóttir.

Fulltrúi kennara: Natalya Grysnanía

Fulltrúi kennara: Margrét S Þórólfsdóttir.

Fulltrúi starfsmanna: Svanhvít Guðmundsdóttir

Fulltrúar 10. bekkjar: Óskar Örn Óskarsson og Helgi Már Vilbergsson.

Fulltrúar 9. bekkjar: Guðný Inga Kristófersdóttir, Sigurður Dagur Sturluson og Alma Snæbjörnsdóttir

Fulltrúar 8. bekkjar: Eygló Alexandersdóttir og Ingibjörg Ýr Smáradóttir.

Fulltrúar 7. bekkjar: Guðbjörg Ósk Einarsdóttir og Ásgeir Jónsson

Fulltrúar 6. bekkjar: Salka Björt Kristjánsdóttir og Ragnar Helgi Friðriksson.

Fulltrúar 5. bekkjar: Björk Gunnarsdóttir og Einar Garðarsson.

Umhverfisráð skólans hittist 8 sinnum á skólaárinu. Í byrjun skólaársins vann umhverfisráðið úr umhverfiskönnuninni sem lögð var fyrir í apríl 2008. Unnið var í hópum, 3 til 4 saman með u.þ.b. 2 til 3 spurningar til að vinna úr. Margrét Stefánsdóttir setti þetta inn á tölvutækt form svo við gátum séð niðurstöður og borið þær saman við eldri kannanir. Umhverfisráðið ákvað einnig að Njarðvíkurskóli tæki þátt í verkefnasamkeppni Umhverfisráðuneytisins, Landverndar, Náttúruskóla Reykjavíkur og Varliðar umhverfisins. Krakkarnir fóru inn í alla bekki skólans og kynntu verkefnið. Í byrjun árs 2009 lögðu krakkarnir í umhverfisráði umhverfisgátlista Landverndar fyrir húsvörð, ritara og skólastjórnendur. Einnig unnu þau sitt fyrsta umhverfis fréttablað í febrúar 2009 og fékk það nafnið Umminn. Það var sent út í rafrænu formi til allra foreldra skólans.

Kennarar og starfsfólk vann í vetur samkvæmt umhverfissáttmála Njarðvíkurskóla og var það með svipuðu sniði og verið hefur síðustu ár m.a. með grenndarkennslu, þrif á skólalóð, endurvinnslu pappírs, kerta og endurnýtingu annarra hluta. Þetta skólaár var

meiri áhersla lögð á orkusparnað með áminningum um að slökkva ljós, slökkva á tölvuskjám, tölvum og öðrum raftækjum skólans.

### **Umhverfis dagar í Njarðvíkurskóla 11. og 12. september 2008**

Þema umhverfis dagana var: Nærsamfélag mitt, Njarðvík og Vallarheiði. Markmiðið var að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt, læri að skilja þá fjölmörgu þætti sem mótar samfélag og verði síðan virkir þátttakendur í mótun umhverfisins. Mikilvægt er einnig að nemendur velti fyrir sér af hverju eitthvað er eins og það er, ræði mögulegar ástæður fyrir því og finni úrbætur. Sem dæmi, ef rætt er um eitthvað slæmt í umhverfinu eins og rusl og sóðaskap þá velta nemendur með sér ástæðunum fyrir sóðaskapnum. Þetta verkefni er í tengslum við þau umhverfismarkmið sem skólinn setti sér til tveggja ára haustið 2007. Einnig er skólinn í Comenicusarverkefni í tengslum við Leikskólann Gimli og leik- og grunnskólar frá Ítalíu, Spáni, Wales, Frakklandi og Ungverjalandi. Umhverfis dagurinn snérist um að láta alla nemendur skólans vinna sama verkefnið sem tengdist umhverfismennt þ.e.a.s. allir nemendur fá sama viðfangsefnið gefið upp sem þeir útfærðu síðan á misjafnan hátt í samráði við sinn umsjónarkennara

**Fyrsti bekkur** fór í gönguferðir og skoðaði umferð og umferðarmerki í nánasta umhverfi skólans. Þarna er verið að gera nemendur í 1. bekk meðvitaðri um þær hættur og reglur sem felast í umferðinni í sínu nærsamfélagi. Síðan gerðu nemendur umferðarspjöld með þeim umferðarmerkjum og öðru því sem þau sáu í gönguferðinni og voru þau hengd upp í skólanum.

**Annar og þriðji bekkur** fór í fjöruna fyrir neðan skólann til að skoða hvaða hlutir tilheyrðu náttúrunni og hvað ekki. Það sem ekki var náttúrulegt í fjörunni var safnað saman og fjarlæggt. Síðan gerðu nemendur vegglistaverk af fallegri fjöru og mengaðri fjöru.

**Fjórdi og fimmti bekkur** skoðaði umhverfi sitt þ.e.a.s Njarðvík og Vallarheiði. Þau skoðuðu hvað væri gott í þeirra grenndar-samfélagi og hvað væri slæmt. Þau gerðu síðan umhverfisbók með niðurstöðunum. Umhverfisteymið mun vinna nánar úr þessari umhverfisbók.

**Sjötti bekkur** skoðaði skólalóðina og tóku myndir af umhverfinu og settu á plaköt og skrifuðu smá greinar um hvað var í góðu ástandi á skólalóðinni og hvað var ekki í góðu ástandi

**Sjöundi bekkur** tók fyrir nýtingu úr náttúrunni í okkar grenndar-samfélagi. Nemendur fóru út á Fitjar og týndu ýmislegt sem nýtanlegt er úr náttúrunni.

**Áttundi bekkur** skoðaði nýtingu úr náttúrunni og fóru í móann á milli Njarðvíkur og Vallarheiði, þar týndu þau ber og buðu síðan uppá berjaveislu.

### **Þemadagar í Njarðvíkurskóla dagana 2. – 4. júní 2009.**

Smiðjurnar sem voru í boði, voru af ýmsum toga t.d. bryggjuveiði, kertagerð, hollustuveisla o.fl. Einnig voru farnar sund- og gönguferðir og unnin ýmis verkefni tengd náttúrunni og umhverfinu. Nemendur tóku þátt í myndagetraun á þemadögunum og dregið var úr réttum svörum hjá yngri og eldri nemendum. Sá sem vann fékk verðlaun og nafnbótina: „Náttúrufræðingur skólans“.

Stöðvar sem voru í boði á þemadögunum:

#### **Eggjaleit**

Nemendur afli sér upplýsinga um þá fugla sem verpa í okkar næsta nágrenni með því að heimsækja varpstöðvar þeirra og taka af þeim myndir

#### **Fjörufurð**

Nemendur fara í fjörufurð – læra, skoða og upplifa.

#### **Kertagerð.**

Í kertasmiðju eru endurnýtt gömul kerti og gerð úr þeim ný.

#### **Steinagerð**

Nemendur sækja steina í fjöruna og útbúa listaverk.

#### **List og nýsköpun.**

Nemendur útbúa hin ýmsu listaverk úr efnivið fjörunnar

### **Sundferð 1.-5. bekkur**

Nemendur fara í sund í sundmiðstöð Reykjanesbæjar við Sunnubraut

### **Leikum og litum 1.- 5. bekkur**

Nemendur búa til útimálverk með litakrítum og fara í útileiki s.s. stultur, snú-snú, teygjutvist o.fl.

### **Hollustuveisla**

Nemendur útbúa gómsæta heilsurétti

### **Gönguferð með leiðsögn**

Nemendur fara í skipulagðar gönguferðir undir leiðsögn kennara og skoða valda staði í Reykjanesbæ. Nemendur klæði sig eftir veðri.

### **Stuttmyndagerð – Tveggja daga stöð!**

Nemendur taka upp stuttmynd um þemadagana fyrri daginn og vinna myndina í tölvuverinu seinni daginn.

### **Bryggjuveiði**

Farið verður niður á bryggju að veiða.



## Umhverfismarkmið og framtíðarsýn.

Skólinn hefur unnið markvisst að því og mun halda því áfram að auka þekkingu og virðingu nemenda fyrir umhverfinu og skapa jákvætt viðhorf nemenda og starfsmanna til umhverfismála. Við í Njarðvíkurskóla ætlum að starfa áfram með okkar nánasta umhverfi þar sem nemendur og kennarar þeirra hafa verið virkir í því að hreinsa skólalóðina, og nota Fitjarnar og nánasta umhverfi til útikennslu.

- Við ætlum að leggja áherslu á endurnýtingu pappírs, plastumbúða, textílefna, kertaafganga, lita/blýants ydd og fleiri umbúða.
- Við ætlum að spara orku með því að láta ekki ljós né raftækjabúnað lifa að óþörfu í skólanum og að nemendur skoði orkunotkun á heimilum sínum
- Við ætlum að halda áfram efla ábyrgð nemenda gagnvart umhverfinu og hvetja þá til að vernda náttúruna.
- Við ætlum áfram að nota gátlista Landverndar til að skoða hvar við stöndum í umhverfismálum og bera saman við eldri lista til að sjá framför.

Okkur finnst mikilvægt að viðhalda fyrri stefnu okkar og erum stolt af þeirri vinnu sem hér hefur verið framfylgt síðastliðinn tvö ár. Til viðbótar við fyrri stefnu ætlum við að gera umhverfisvernd og markmið Njarðvíkurskóla í umhverfismálum sýnilegri í grenndarsamfélaginu. Gefa út fleiri umhverfisblöð og setja upp spjöld með umhverfisslagorðum. Við erum líka að fara í samstarf við skóla í Wales þar sem við lærum og miðlum góðum hugmyndum um umhverfismál. Í fjölgreindarvali hjá nemendum í 2.-5.bekk er stöð sem heitir umhverfisstöð, með því að setja upp þessa stöð getum við kennt umhverfismennt vikulega í þessum aldursflokki óháð annari náttúrufræði kennslu.



## Umhverfissáttmáli Njarðvíkurskóla til næstu tveggja ára

- Efla umhverfisvitund með því að flokka og endurnýta tilfallandi efni í skólanum.
- Eyða ekki orku að óþörfu.
- Gera umhverfisvernd og markmið Njarðvíkurskóla sýnilegri í grenndarsamfélaginu.
- Útbúa umhverfismerki skólans.
- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- Hvetja nemendur og stafsfolk til að njóta útiveru.

## Lokaorð

Við í Njarðvíkurskóla erum ánægð með þá vinnu sem hér hefur verið framfylgt síðastliðin tvö ár út frá umhverfissáttmála skólans. Þess vegna finnst okkur mikilvægt að viðhalda fyrri stefnu okkar og bæta svo við hana ákveðnum þáttum til þess að þróun eigi sér stað í umhverfismálum skólans. Þannig viljum við teygja arma okkar aðeins lengra út til grenndarsamfélagsins. Við lítum björtum augum fram á við og ætlum líka að spegla okkur við þann skóla í Wales sem við erum komin í samstarf við og þannig kynna okkur og læra af öðrum um umhverfismennt. Umhverfisráðið okkar hefur starfað vel og þeir nemendur sem eru í umhverfisráði hafa komið fram með tillögur og hugmyndir um umhverfismál sem var mikil hvatning fyrir aðra nemendur, samanber þátttaka okkar í verkefna samkeppninni Varliðar umhverfisins. Það ríkir almennur vilji innan skólans til að vinna áfram að umhverfismálum og halda okkar Grænfána. Kennarar, nemendur og annað starfsfólk skólans hafa ætíð tekið vel í verkefni sem hlúa að markmiðum okkar. Við lítum björtum augum til framtíðarinnar og teljum okkur geta náð lengra í umhverfismálum með jákvæðni og vilja að vopni ☺



# Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1.

## Umhverfisvæn kennsla

Hönnun og smíði

Njarðvíkurskóli

Mikil áhersla er lögð á endurvinnslu efna í hönnun og smíði í Njarðvíkurskóla og er það orðið hinn eðlilegasti hlutur fyrir nemendur að þeir leiti eftir hentugum efnum og leiðum í verkefni sín úr endurvinnslutunnum smíðastofunnar.

Markmiðin með aukinni endurvinnslu eru m.a. að nemendur geri sér grein fyrir umhverfi sínu, taki tillit til þess og gangi vel um náttúruna og að nemendur rækti með sér forvitni til að sjá tækifæri í þeim efnisheimi sem umlykur okkur og nýti sér það í verkefni sín.

Endurvinnslutunnur smíðastofunnar eru flokkaðar í eftirfarandi tunnur:

- Afgangsviður (gegnheill viður í sér tunnu og ýmiskonar unninn viður í annarri tunnu)
- Jólatri
- Rekaviður
- Plast
- Málmar
- Pappír
- Rafmagnstæki
- Stór kista af blönduðum stærri hlutum



Hér má sjá ýmiskonar verkefni unnin úr efniviði fjörunnar t.d. hljóðfæri úr rekaviði, hálsmen úr steinum og myndaramma skreytta með skeljum.



Hálsmen með slípuðu gleri  
úr fjörunni okkar




Rafmagnsbátur úr korki

B. Harpa Magnúsdóttir.

Fylgiskjal 2.

# Umhverfið mitt Njaróvík



Nafn \_\_\_\_\_

Hópur \_\_\_\_\_

Í umhverfinu okkar er margt gott en einnig sumt slæmt.

Nú skulum við fara í gönguferð um nágrenni skólans og skoða umhverfið.

Hvað er gott og hvað er slæmt?

Síðan skrifum við niður og teiknum.

Gott í umhverfinu: \_\_\_\_\_

---

---

---

Slæmt í umhverfinu: \_\_\_\_\_

---

---

---

## Við viljum minna á að spara pappír með því að:

- Ljósrita nákvæmlega þann fjölda sem þú þarft.
- Ljósrita beggja vegna á pappírinn.
- Endurnýta mistök við ljósritun sem teikni- eða rissblöð.
- Endurnýta pappírsafskurð t.d við verkefnavinnu nemenda, kortagerð o.fl.
- Setja réttan pappír í réttar tunnur við ljósritunarvél og á vinnuaðstöðu.

Verum meðvituð um umhverfi okkar og hvað við getum gert til að bæta það.

Með góðri kveðju og endurnýttu brosi.

Umhverfisnefnd Njarðvíkurskóla.

